

FUNDARGERÐ HREPPSNEFNDAR

Miðvikudaginn 11. apríl 2007 var fundur haldinn í Hreppsnefnd Höfðahrepps kl 11⁰⁰ á skrifstofu hreppsins.

Á fundinn voru mætt: Adolf H. Berndsen, Birna Sveinsdóttir, Halldór Ólafsson, Sigríður Gestsdóttir, Erla Jónsdóttir og Magnús B. Jónsson.

Adolf H. Berndsen, oddviti setti fundinn og stjórnaði honum.

1. Samningur við Skagabyggð

Fyrir fundinum lá tillaga að samningi við sveitarfélagið Skagabyggð um samstarfsmálefni sveitarfélaganna. Í samningnum sem er í 12 greinum er fjallað um kostnaðarskiptingu milli sveitarfélaganna vegna fræðslumála, félagsmála og annarra mála sem sveitarfélögin starfa saman að eða samnýta þjónustu. Samningurinn var samþykktur.

2. Hugmyndir Íslenskra Almannaatengsla

Tekin var til umfjöllunar kynningarefni sem starfsmenn Íslenskra almannaatengsla kynntu á vinnufundi hreppsnefndar 2. apríl sl. Í kynningarefninu er fjallað um ýmsar hugmyndir og tillögur um leiðir til að vekja athygli á sveitarfélaginu.

Mikil umræða varð um málið en ekki teknar ákvarðanir um annað en að fara betur yfir verkefnið með Íslenskum almannaatengslum.

3. Erindisbréf fyrir nefndir Höfðahrepps:

Fyrir fundinum lágu tillögur að erindisbréfum fyrir þrjár nefndir á vegum sveitarfélagsins auk almenns erindisbréfs sem gildir fyrir allar nefndir. Nokkrar breytingar voru gerðar en erindisbréf fyrir eftirtaldar nefndir voru síðan samþykkt:

- a) Fræðslunefnd
- b) Tólstunda- og menningarmálanefnd
- c) Atvinnu- og ferðamálanefnd

4. Félagslegar íbúðir:

- a) Reglur um útleigu á íbúðum.

Fyrir fundinum lá tillaga að reglum fyrir útleigu á félagslegum íbúðum. Í reglunum er fjallað um hvernig með umsóknir um félagslegar leiguíbúðir skuli farið svo og rétt umsækjenda og annað sem útleigu íbúðanna varðar.

Reglurnar voru samþykktar af hreppsnefnd.

- b) Skrá um leigðar íbúðir.

Fyrir fundinum lá skrá um leigðar íbúðir og hvaða íbúðir standi auðar. Skráin var til kynningar.

- c) Umsókn um íbúð

Umfjöllun um umsókn var skráð í trúnaðarbók.

5. Greinargerð um úttekt á SSNV

Í greinargerðinni sem lá fyrir fundinum er fjallað um framtíðarskipan Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra (SSNV) sem samþykkt var á 14 ársþingi samtakanna. Þar kemur einnig fram hver eru meginverkefni samtakanna og framlög sveitarfélaga vegna starfseminnar.

6. Bréf:

a) Húsafriðunarnefnd ríkisins, 27. mars 2007.

Í bréfinu kemur fram að nefndin hefur veitt styrk til endurbyggingar Árness að upphæð 800 þús. skv. umsókn til Húsafriðunarsjóðs. Bréfið var til kynningar.

b) SAH Afurða ehf, 2. apríl 2007.

Í bréfinu er fjallað um jarðvegsgerð úr lífrænum úrgangi og upplýst að SAH sé tilbúið að koma að stofnun félags um kaup og uppsetningu á búnaði til jarðvegsgerðar. Því er jafnframt beint til sveitarfélaga í Austur Húnavatnssýslu að stuðla að stofnun slíks félags. Hreppsnefnd samþykkti að beina erindinu til afgreiðslu héraðsnefndar.

c) Lánasjóðs sveitarfélaga, 28. mars 2007.

Með bréfinu er tilkynnt um eignarhluti í Lánasjóði sveitarfélaga ohf. og greint frá eignarhlutdeild Höfðahrepps í lánasjóðnum. Í bréfinu kemur einnig fram að eignaraðilum sjóðsins verði greiddir 3 milljarðar króna eftir eignarhlutdeild á næstu 4 árum. Erindið var til kynningar.

d) Sjávarútvegsráðuneytisins, 20. mars 2007.

Bréfið er auglýsing til sveitarstjórna um úthlutun byggðakvóta þar sem sveitarfélögum er gefin frestur til 4. apríl til að sækja um kvóta. Fyrir fundinum lá einnig umsókn sveitarfélagsins þar sem færð eru rök fyrir því að byggðakvóta verði úthlutað til útgerða í sveitarfélaginu. Umsóknin var send 3. apríl og var efni hennar og bréfs ráðuneytisins til kynningar.

7. Fundargerðir:

a) Fræðslunefndar, 19.03.2007
Fundargerðin var samþykkt.

b) Byggingarnefndar, 12.03.2007
Fundargerðin var samþykkt.

c) Tómstunda og menningarmálanefndar, 12.03.2007.
Fundargerðin var samþykkt.

8. Önnur mál

- Fyrir voru tekin minnisblöð um endurgreiðslu gatnagerðagjalds. Afgreiðsla málsins var skráð í trúnaðarbók.

Fleira ekki tekið fyrir fundi slitið kl. 13¹⁵

Adolf H. Berndsen
(sign)

Sigríður Gestsdóttir
(sign)

Halldór Ólafsson
(sign)

Birna Sveinsdóttir
(sign)

Erla Jónsdóttir
(sign)

Magnús B. Jónsson
(sign)